



Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 10.03. 2023. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Ásta Björk Björnsdóttir, Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir (fjarverandi), Aníta Ómarsdóttir, Sara Pálmadóttir, Geirprúður Þórðardóttir, Magnús Róbertsson, Dröfn Sigurðardóttir, Agnes Jónsdóttir (fjarverandi) og Agnes Fjeldsted (fjarverandi) .

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2023-2024

Skólastjóri fór yfir skóladagatal Hraunvallaskóla fyrir skólaárið 2023-2024. Skólaráð staðfesti umfjöllun sína með undirskrift sinni. Skóladagatalið og staðfesting skólaráðs verður því næst tekin fyrir í Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

2. Rýnivinna nemendaráð og skólaráðs

Mikil ánægja var með fund skólaráðs og nemendaráðs skólans sem haldinn var 14. febrúar sl. Á þeim fundi var rýnivinna í hópum þar sem aðilar listuðu upp hvað þeim fyndist best við Hraunvallaskóla, hvað mætti bæta og svo annað sem aðilar vildu taka fram. Niðurstöður rýnivinnunnar voru kynntar og ræddar.

3. Foreldrasamstarf

Sagt var frá fundi stjórnar Foreldrafélags Hraunvallaskóla og stjórnenda sem haldinn var fyrir stuttu. Foreldrastarf innan skólans hefur gengið vel í vetur og nær allir árgangar hafa t.d. haldið bekkjarkvöld og fyrirhugað er að hafa bekkjartenglafund í lok apríl til að undirbúa næsta skólaár. Einnig var sagt frá samstarfsverkefni Heimilis og skóla við Hafnarfjarðarbæ um endurreisn og eflingu foreldrastarfs.

4. Kynning á Fjölgreinadeild Hraunvallaskóla

Ásta Björk Björnsdóttir aðstoðarskólastjóri kynnti Fjölgreinadeild Hraunvallaskóla. Að kynningu lokinn var farið í vettvangsheimsókn í deildina út á Fléttuvelli þar sem Hanna verkefnastjóri, starfsmenn og nemendur tóku á móti okkur.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland